

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 375/1995, um endurgreiðslu vegna kaupa á ökumælum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 2. gr.:

- a) Í 1. mgr. fellur c. liður brott.
- b) Í 2. mgr. falla orðin „og 22.500 kr. samkvæmt c-lið“ brott.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 3/1987, um fjárföflun til vegagerðar, öðlast gildi 1. nóvember 1995.

Fjármálaráðuneytið, 26. október 1995.

F. h. r.

Bragi Gunnarsson.

Hermann Jónasson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 79/1995, um greiðslu barnabóta á árinu 1995, sbr. reglugerð nr. 176/1995.

1. gr.

6. gr. orðast svo:

Barnabætur greiðast til framfæranda barns þegar frá hefur verið dreginn ofgreiddur barnabótaauki, vangreiddir skattar og gjöld til ríkis og sveitarfélaga og vangreidd meðlög til Innheimtustofnunar sveitarfélaga í þessari forgangsroð:

1. Ofgreiddur barnabótaauki.
2. Tekjuskattur sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr. laga nr. 75/1981.
3. Önnur þinggjöld sem á eru lögð vegna tekjuársins.
4. Ógoldin þinggjöld frá fyrri árum.
5. Útsvar sem á er lagt vegna tekjuársins.
6. Ógöldið útsvar og aðstöðugjald frá fyrri árum.
7. Tryggingagjald.
8. Vangreidd gjöld maka skv. tölul. 1-6 að framan (þó ekki aðstöðugjald).
9. Ofgreiddar húsaleigubætur skv. 19. gr. laga nr. 100/1994.
10. Virðisaukaskattur.
11. Söluskattur.
12. Bifreiðagjöld vegna fyrra tímabils 1995 og eldri ára.
13. Launaskattur.
14. Vangreidd meðlög eftir kröfu Innheimtustofnunar sveitarfélaga.